

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, Ólafsvík.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 frá 8. júlí 1997.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Opið svæði til sérstakra nota, (U9, *Kirkjugarður*) stækkar til norðausturs á kostnað svæðis sem skilgreint er sem opið svæði.
- Svæði fyrir opinbera þjónustu, (O8, *Íbúðir aldraðra*) stækkar til vesturs á kostnað íbúðarsvæðis.
- Svæði fyrir verslun og þjónustu, staðsett sunnan reits O8 breytist í blandaða landnotkun verslunar og þjónustu og opinberrar þjónustu.
- Í norðausturhorni opins svæðis til sérstakra nota, (U2, *Gilið*) afmarkast landnotkunarreitur fyrir verslun og þjónustu.
- Landnotkunarreitur opinberrar þjónustu, (O11, *Stjórnsýsla*) breytist í blandaða landnotkun íbúðarbyggðar og verslunar og þjónustu.
- Tvö samliggjandi iðnaðarsvæði, austast í byggðinni eru sameinuð og gönguleið færð ofar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Snæfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*